

Nd.

251. Nefndarálit

um frumvarp til laga um framkvæmd eignarnáms.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndinni þykir rjettfarbót í frv., og ræður því háttv. deild til að samþykkja það, þó með þeim breytingum, sem hjer fara á eftir.

1. 3. málsgr. 3. gr. falli burt.
2. Fyrir »2000« í 7. gr. 1. línu komi:
10000.
3. Upphaf 8. gr. frv. orðist svo:

Skylt er matsmönnum og yfirmatsmönnum að rannsaka verð eignarinnar eftir fōngum, meðal annars með því að leita skýrslna af málsaðiljum sjálfum og öðrum, ef nauðsyn krefur. Matsmenn mega og o. s. frv.

4. Inn í frv. bætist ný gr., er verður 9. gr., svo hljóðandi:

Matsmenn ákveða sjálfir þóknun sína. Nú verður áreiningur um hana, og fellir þá stjórnarráðið fullnaðarúrskurð um þann ágreining.

5. Upphaf 9. gr. (sem verður 10. gr.) orðist svo:

Matsverð eignar skal miðað við það gangverð, sem hún mundi hafa í kaupum og sölum o. s. frv.

6. Síðari liður 9. gr. (sem verður 10. gr.) orðist svo:

Nú á annar en eigandinn verðmæt rjettindi yfir eigninni, og skal þá endurgjaldið ákveðið einnig með tilliti til þessa, og þeim ætlaðar sjerstakar bætur, sem missa kunna rjettindin að einhverju eða öllu leyti.

Við framsögu málsins mun verða gerð grein fyrir þessum breytingum, eftir því sem þurfa þykir.

Alþingi, 31. júlí 1917.

Einar Arnórsson,
formaður.

Magnús Guðmundsson,
ritari og framsögum.

Einar Árnason.

Einar Jónsson.

Pjetur Ottesen.